



## Ræða flutt á fundi menntamálaráðherra í Kaupmannahöfn, 16. júní 1954

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Ræður – Menntamálaráðherra – Ráðherrafundur –  
Kaupmannahöfn – 16 júní 1954

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-4, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi í ríkisskipti. 17/2/54.  
Birtist í Albl. 18/2/54.

Ég kom með Gullfossi heim af fundi, sem menntamála-  
ráðherrar Norðurlanda héldu í Kaupmannahöfn dagana frá 7.  
- 10. febrúar, en á fundi þessum mætti ég af Íslands hálfu, ásamt  
prófessor Sigurði Nordal, sendiherra.

Fundurinn hófst með því, að ráðherrarnir fluttu örstutt  
ávarp í danska útvarpið, sunnudaginn 7. febrúar, og var síðan  
setið að störfum frá mánudegi til miðvikudags, undir forsæti  
menntamálaráðherra Dana, Bomholt, er stjórnaði fundinum  
af miklum skörungsskap.

Meðal þeirra mála, sem rædd voru, var hið breytta  
viðhorf, er skapast hefur í þessum efnun vegna tilkomu norræna  
ráðsins og var í því sambandi ákveðið að breyta skipun hinnar  
norrænu menningarmálanefndar og fjölga fulltrúum þar.

Þá var rætt um, hvort unnt væri að koma sér saman um  
sameiginlegar reglur um styrk til norrænna fundarhalda ýmiss  
konar og hvað gera ætti af hálfu ríkisvaldsins á hverjum stað til  
fyrirgreiðslu slíkra funda. Einnig var fjallað um nánari sam-  
vinnu í vísindum og tilraunum í uppeldisvísindum svo og um  
stofnun sameiginlegs lýðháskóla fyrir öll Norðurlöndin og sam-  
vinnu um lausn nokkurra ákveðinna vísindalegra verkefna.

Mikill áhugi kom fram fyrir því, að stúdentum yrði auð-  
veldað að nema fræði sín í hverju landinu, sem þeir kysu, og að  
fullgild væru tekin í öllum löndunum ýmiss konar háskólapróf,  
sem menn hafa staðist í einhverju þeirra. Svo sjálfsagt sem  
þetta sýnist eru þó á því nokkurir anmarkar en allir voru  
sammála um að vinna að lausn þeirra. Loks voru menn einhuga



um, að greiða fyrir samstarfi leikhúsa í öllum löndunum fimm.

Hér hefi ég aðeins dregið lauslega á helztu umræðuefnin. Flest voru þau á slíku undirbúningsstigi, að fastar ákvarðanir voru ekki teknar.

Slíkir fundir menntamálaráðherra Norðurlanda hófust rétt fyrir síðari heimsstyrjöldina og voru teknir upp aftur að henni lokinni. Af Íslands hálfu hafa sendiherrar mætt á sumum fundanna, en þó ekki öllum, og var það í fyrsta skipti nú, sem menntamálaráðherra Íslands gat komið því við að sækja fundinn, en af hálfu hinna landanna hafði verið lögð nokkur áherzla á, að Ísland tæki með sama hætti og þau þátt í þessu samstarfi og bauð fundarstjórinn, Bomholt, Íslands sérstaklega velkomið til þess.

Því ber ekki að neita, að margt, sem rætt er á slíkum fundum, varðar Ísland ekki miklu. Þarna er fyrst og fremst um að ræða samstarf Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar og Finnlands að all miklu leyti, en Íslands síður, vegna aðstöðu allrar. Engu að síður er Íslandi mikilsvert að vera virkur aðili í þessu samstarfi. Hinir aðilarnir skilja sérstöðu okkar vegna mannfæðar, tungumáls og fjarlægðar. Engu að síður telja þeir sér vinning að því, að við séum með, og vissulega á það ekki síður við um okkur, sem vitanlega erum og viljum vera norræn þjóð.

Slíkir fundir hafa ekki eingöngu þýðingu vegna þeirra málefna, sem þar eru beinlínis rædd, heldur vegna þeirra kynna á málum og mönnum, sem þar má öðlast. Hygg ég það

t. d. nokkuð óbrigðult, að þeir af norrænum forustumönnum, sem komið hafa til Íslands, eru mun skilningsbetri á okkar málefni en aðrir, og er það ekki nema að vonum.

Þar sem slíkir fundir höfðu nú verið haldnir í öllum höfuðborgum hinna landanna bauð ég, að næsti fundur yrði haldinn hér á landi, og má gera ráð fyrir að það verði sumarið 1955, en um það verður tekin nánari ákvörðun síðar.

Loks þykir mér rétt að geta þess, að í Edinborg átti ég ásamt aðalræðismanni Íslands þar, Sigursteini Magnússyni, tal við rektor Edinborgarháskóla um framhald kennslu í íslenskum fræðum við þann háskóla. Eru horfur á, að samkomulag verði um að stofna þar sérstakt kennaraembætti í þeim, bundið við nafn Hermanns Pálssonar, sem starfað hefur þar að undanfögnu og getið sér ágætan orðstír.

Tel ég að svo stöddu ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þessa för en lýsi ánægju minni yfir að vera aftur kominn heim hingað í hlýindin úr kuldanum í hinum suðlægari löndum.